



FJARÐABYGGÐ

Frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöð

STARFSLÝSING

Yfirmaður: Deildastjóri frístunda barna og unglunga
Stofnun / Deild: Starfsmenn félagsmiðstöðva í Fjarðabyggð

1. Meginviðfangsefni og ábyrgðarsvið

Frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöð ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd félagsmiðstöðvarstarfs fyrir börn og unglunga á aldrinum 10 – 16 ára. Markmið starfsins er að bjóða upp á heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi frítímastarfs eru höfð að leiðarljósi. Í því felst að skapa umhverfi og aðstæður í frístundastarfi þar sem hægt er að þjálfa lykilfærni hjá börnum og unglungum með áherslu á samskiptafærni, félagsfærni, virkni og þátttöku, ásamt styrkingu sjálfsmyndar. Bjóða skal upp á fjölbreytt viðfangsefni sem höfðar til barna og unglunga með mismunandi áhugasvið og tryggja þeim öruggar aðstæður þannig að þeim líði vel í félagsmiðstöðinni.

2. Helstu verkefni

- Sinnir hefðbundnum opnunum félagsmiðstöðva og verkefnum sem fylgja þeim s.s. undirbúningi og frágangi.
- Þátttaka í skipulagningu og framkvæmd sameiginlegra viðburða s.s. Kuldabola, SamAust og ferðalögum á vegum félagsmiðstöðva í Fjarðabyggð.

2.1. Önnur verkefni

- Sækir fræðslu á vegum fjölskyldusviðs, í samráði við yfirmann.
- Tekur að sér önnur verkefni sem yfirmaður felur honum og lúta að eðli starfsins.

3. Samskipti

Mikil og góð samskipti eru mikilvæg í starfi frístundaleiðbeinanda í félagsmiðstöð.

- Viðkomandi þarf að vera í góðu sambandi við yfirmenn hjá sveitarfélaginu, starfsmenn annarra félagsmiðstöðva á Austurlandi, samstarfsmenn hjá viðkomandi félagsmiðstöð, skjólstæðinga og foreldra/forsjáraðila þeirra.
- Frumkvæði að samstarfi við samstarfsaðila.

3.1. Teymisvinna

- Þátttaka í starfsmannafundum.
- Tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum.

4. Menntun og reynsla

- Æskilegt að frístundaleiðbeinandi hafi menntun sem nýtist í starfi. Til dæmis menntun tengda uppeldisfræðum eða fræðslu- og frístundum.

- Reynsla af starfi með börnum og ungmennum er nauðsynleg og þekking á málaflokknum æskileg.

5. Hæfnisþættir

- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót, góð samstarfshæfni og geta til að miðla upplýsingum.
- Heiðarleiki og stundvísi, auk þess sem starfsmaður þarf að vera laus við fordóma.
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni.
- Hæfni til að bregðast við óvæntum aðstæðum og vilji til að taka þátt í breytingum.

Fjarðabyggð, 13. mars 2024

Frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöð

Deildastjóri frístunda barna og unglinga